



# Fornleifaskráning

vegna mats á umhverfisáhrifum  
fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar frá  
Þorlákshöfn að Grindavík og náma  
tengdum honum

Viðbót: Heimreið að Vogsósum

## Lokaskýrsla



Bjarni F. Einarsson  
Reykjavík 2003

Forsíðumyndin sýnir fornleiðina frá Krýsuvík (einnig stafað Krísuvík) að Ísólfskála. Er hún tekin skammt vestur af Litlahálsi. Ljósm. B.F.E.

## **F**ORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Vegagerðina  
© Bjarni F. Einarsson  
Apríl 2003.

### ***Inngangur***

Að beiðni Vegagerðarinnar kannaði undirritaður nokkrar tillögur að fyrirhuguðu vegastæði Suðurstrandarvegur frá Þorlákshöfn í Árnassýslu að Grindavík í Gullbringusýslu. Í fyrstu voru þrjár leiðir, gul, blá og rauð lína kannaðar með tilliti til fornleifa. Einnig var núverandi vegur kannaður að vissu marki. A.m.k. 50 m breið skák var könnuð sín hvoru megin við veglínurnar. Leiðin frá Þorlákshöfn að Grindavík er um 60 km löng. Um þetta var skrifuð skýrsla árið 2000. Einnig voru lítilsháttar sérkannanir gerðar vegna ýmissa breytinga.

Nú eru aðeins tvær línur, auk núverandi vegar, sem koma til greina, rauð- og gul lína. Hafa forsendur breyst frá fyrri skýrslum og því verður að líta á þær sem vinnugögn. Allar þær fornleifar sem hafa verið skráðar vegna fyrri hugmynda um veglínur eru láttnar fylgja fornleifaskránni sem fylgir skýrslu þessari. Hættumati hefur verið breytt í samræmi við breyttar forsendur og er því fyrra hættumat úr gildi fallið (hefur verið breytt í meðfylgjandi fornleifaskrá) og bæst hafa við nokkrar fornleifar. Allar fyrri skýrslur eru teknar saman í þessa. Sjálfri vinnuaðferðinni hefur þó ekki verið breytt.

Farið var í gegn um helstu heimildir, svo sem Sýslu- og sóknarlýsingar, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Frásögur um fornaldarleifar, Árbók Hins íslenska fornleifafélags, Friðlýsingarskrá, og heimildir á Örnefnastofnun. Einnig var skýrslan Fornleifaskráning í Ölfusi II notuð þar sem við átti (Hildur Gestsdóttir o.fl. 1999).

Báðar veglínur voru kannaðar á vettvangi og gengið úr skugga um hvort og hve margar fornleifar kynnu að finnast á þeim eða við þær. Einnig voru efnistökusvæði (námur) og greinar að þeim könnuð. Sérstaklega skal tekið fram að fornleifar fundust utan við hið kannaða svæði, en voru ekki skráðar sérstaklega. Þeirra er getið í Fornleifaskrá þegar við á. Sumar þeirra eru merktar inn á loftmyndir, svo sem rústir innan túngarðs Herdísarvíkur og fornleifar í Krýsuvíkurlandi. Þessar fornleifar eru ekki í hættu svo fremi sem veglínunum verði ekki breytt.

Vettvangsvinna fór að mestu fram á tímabilinu 8. september – 11. október 2000. Einnig voru kannanir gerðar 10. - 14. júní 2001, 18. júní 2002 og nokkrum sinnum á tímabilinu 6. - 27. mars 2003. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar, einar eða fleirri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleirri fornleifar. Í Grindavík var byrjað á nr. 1, þar sem skráning hefur ekki farið fram þar áður á vegum Fornleifafræðistofunnar og skýrslur um aðrar skráningar ekki fyrirbyggjandi þegar skráningin fór fram. Í Hafnarfirði var byrjað á nr. 283 sem var næsta lausa númer sveitarfélagsins. Í Ölfusi var byrjað á nr. 16, í beinu framhaldi af fyrri skráningu Fornleifafræðistofunnar í sveitarfélaginu.



Mynd 1. Ræningjadys við Grindavík (nr. 13) eftir rannsókn. Fornleifarnar voru einnig kallaðar Dysin og jafnvel Húsið. Fornleifar nr. 15 og 16, jafnvel nr. 17, líta ekki ósvipað út og þessi rúst gerði fyrir rannsókn. Allar gætu þær verið hluti af sömu heild, þ.e.a.s. verslunarstað frá 15. öld. Horft er til SA. (Úr Kristján Eldjárn 1957).

Krýsuvík var skráð sumarið 1998. Þær fornleifar sem taldar eru í hættu vegna hinnar fyrirhuguðu vegagerðar, eru taldar upp í töflu 1 og meðfylgjandi fornleifaskrá (Hafnarfjörður nr. 221). Hættumati hefur verið breytt vegna Suðurstrandarvegar. Aðrar fornleifar sem þá voru skráðar koma ekki við sögu hér, þó þær séu sýndar á meðfylgjandi loftmynd (nr. 213 - 218, 253 og 274). Bent skal á að þrjár fornleifar (nr. 283 - 285) hafa bæst við í landi Krýsuvíkur frá því að svæðið var fyrst skráð. Þær eru því taldar með í meðfylgjandi fornleifaskrá.

Loftmyndir verða látnar fylgja aðal matsskýrslu og því átt við hana þegar vísað er í loftmyndir.

Umsjónarmenn af hálfu verkkaupa voru Valtýr Þórisson og Jón Valgeir Sveinsson hjá Vegagerðinni. Þórarinn Snorrason og frú á Vogsósum, bóndinn á Hrauni, Kristófer Bjarnason staðarhaldari Strandarkirkju og Ómar Smári Ármannsson veittu ýmsar gagnlegar og nákvæmar upplýsingar um fornleifar á svæðinu. Kann ég þessum aðilum öllum kærar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

### ***Skráningin***

Á hinu kannaða svæði eru 20 staðir friðlýstir og náði friðlýsingin yfir meir en 80 rústir, þar af fleiri en 66 rústir í Herdísarvík einni. Þessar rústir eru þó fjarri því að vera allar í einhverri hættu vegna hins

Nr.	Teg	Fj.	Hættumat	Hættu	Lina	Ástand	Altur	Mingjagildi	Fríðlyt	Merkja?
<b>Ölfus</b>										
16:1	Vörður/fornleið	3	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
17:1	Stekkur(?) og varða	2	Ekkert	Engin	-	Lélegt	1550-1900	Lítið	Já	Nei
18:1	Vörður	2	Ekkert	Engin	-	Lélegt	1550-1900	Lítið	Já	Nei
19:1	Rúst (stekkur?)	1	Ekkert	Engin	-	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Já	Nei
20:1	Sjómerki	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Já	Já
21:1	Varða og rúst	2	Ekkert	Engin	-	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Já	Nei
22:1	Garður	>5	Vegagerð	Mikil	Rauð	Ágætt	-1550	Hátt	Já	Já
23:1	Garðar	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Já	Já
24:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	Rauð	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Já	Já
25:1	Varða	1	Ekkert	Engin	-	Sæm.	1550-1900	Lítið	Já	Nei
26:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	Rauð	Ágætt	1550-1900	Hátt	Já	Já
27:1-n	Eyðibýli	>50	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Hátt	Já	Já
27:1-n	Garðar og gerði	>30	Vegagerð	Lítill	Rauð	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Já	Nei
27:2	Garður	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Já	Nei
27:3	Túngarður	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Já	Nei
28:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	-	Lélegt	1550-1900	Talvert	Já	Nei
29:1	Landamerkjasteinn	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Já	Já
30:1	Varða	1	Náma	Lítill	-	Sæm	1550-1900	Lítið	Já	Nei
31:1	Sjómerki	1	Ekkert	Engin	-	Lélegt	1550-1900	Lítið	Já	Nei
32:1	Sjómerki	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Já	Nei
35:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Rauð	Sæm.	1550-1900	Lítið	Já	Nei
36:1	Sjómerki	1	Vegagerð	Mikil	Rauð	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
37:1	Rúst (gerði?)	1	Vegagerð	Mikil	Rauð	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
38:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Rauð	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
39:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Rauð	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
40:1	Staðurtengdur bjóðtrú	1	Vegagerð	Mikil	Rauð	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Já
<b>23 staðir</b>		<b>&gt;81 fornleifar</b>								
<b>Hafnarfjörður<sup>2</sup></b>										
221:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	Gul/rauð	Léleg	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
283:1	Rúst (beitarhús?)	1	Vegagerð	Lítill	Rauð	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
284:1	Byrgi	1	Ekkert	Engin	-	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
285:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
<b>4 staðir</b>		<b>4 fornleifar</b>								
<b>Grindavík</b>										
1:1-2	Dysjar	2	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Hátt	Já	Já
2:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	Rauð	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Já
3:1	Fjársborg	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
4:1-n	Eyðibýli	>10	Landeyðing	Mikil	-	Sæm.	-1550	Hátt	Já	Já
4:1	Fornleið	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	-1550	Hátt	Já	Já
4:2	Rúst (stekkur?)	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Já	Nei
4:3	Rúst (skotbyrgi?)	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Lítið	Já	Nei
4:4	Rúst (fjársborg?)	1	Landeyðing	Mikil	-	Lélegt	-1550	Hátt	Já	Nei
4:5	Túngarður	1	Landeyðing	Mikil	-	Sæm.	-1550	Hátt	Já	Já
5:1	Gerði (nátthagi?)	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talvert	Nei	Nei
6:1	Varða	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
7:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	Gul/rauð	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
8:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Gul	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
9:1	Garður	1	Engin	Engin	-	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei

<sup>1</sup> Á loftmyndum eru fornleifar sem ekki eru í hættu vegna vegagerðar sýndar í grænum lit þó þær kunnir að vara í lítilli eða mikilli hættu vegna annara þátta svo sem landeyðingar. Sama á við um annað hættumat.

<sup>2</sup> Fornleifar nr. 221 voru skráðar í tengslum við skipulag í landi Krýsuvíkur sbr. skýrslu undirritaðs (Bjarni F. Einarsson 1998). Aðeins þær fornleifar, úr áður nefndri skýrslu, sem eru í lítilli eða mikilli hættu vegna Suðurstrandarvegar eru teknar með í þessari töflu.

Nr.	Teg	Fj.	Hættumat	Hættu	Lína	Ástand	Aktur	Minjagildi	Friðlýst	Merking?
10:1	Garður	1	Vegagerð	Mikil	Rauð	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
11:1	Sjómerki	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
12:1	Sjómerki	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
13:1	Rúst	1	Landeyðing	Mikil	-	Lélegt	-1550	Hátt	Já	Já
14:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Rauð	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
15:1	Rústir	2	Vegagerð	Lítill	Rauð	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
16:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	-	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
17:1	Rúst?	1	Landeyðing	Lítill	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
18:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	Rauð	Ágætt	1550-1900	Talvert	Nei	Já
19:1	Hellir	1	Vegagerð	Mikil	Rauð	Ágætt	-	Ekkert	Nei	Nei
20:1	Varða	1	Umferð	Lítill	-	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
21:1	Gata	1	Vegagerð	Mikil	-	Sæm.	1900-	Ekkert	Nei	Nei
29:1	Fjárskjól	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
30:1	Fjárskjól	1	Vegagerð	-	Rauð/gul	Horfinn	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
31:1	Fjárskjól	1	Vegagerð	Lítill	Rauð	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Já
32:1	Fornleið	1	Vegagerð	Lítill	Rauð	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
33:1	Skotbyrgi?	1	Vegagerð	Lítill	Rauð	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
34:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	Gul	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
35:1	Fjárskjól	1	Vegagerð	Lítill	Gul	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
36:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
<b>29 staðir</b>		<b>&gt;40 fornleifar</b>								
<b>Niðurstaða:</b>										
<b>56 staðir</b>		<b>&gt;125 fornleifar</b>								

Tafla 1 yfir hinar skráðu fornleifar og þær fornleifar sem koma við sögu í Hafnarfirði (Krýsuvík). Undir liðnum Lína er átt við þá vega-hugmynd sem ógnar viðkomandi fornleifum, eða þá sem næst er.

fyrirhugaða vegar og einungis brot af þeim voru skráðar nú. Ástæða þess að svo margar rústir eru friðlýstar er að í friðlýsingum sumum segir að allar rústir á tilteknum jörðum séu friðlýstar, svo sem Eimu, Strönd, og Herdísarvík.

Nálægt hinu kannaða svæði, í landi Grindavíkur, eru tvö svæði sem sveitarfélagið sjálf hefur kosið að vernda sérstaklega. Kallast þau „þjóðminjaverndarsvæði“ í aðalskipulagi sveitarfélagsins (Grindavík 2002). Þessi svæði eru; heimaland (innan túngarðs) Hrauns og túnið í kringum Ísólfsskála. Hvorugt þessara svæða er í teljandi hættu og koma verður í veg fyrir að þau raskist á nokkurn hátt.

Skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaæðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifa verndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum (þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.



Mynd 2. Fornigarður við Vogsósa (nr. 22:1). Sandurinn hefur hulið mikið af garðinum. Horft til NNA. Ljós. BFE.

Samtals voru fleiri en 125 fornleifar á 56 stöðum skráðar á hinu kannaða svæði. 23 þeirra eru í Ölfusi, 29 í Grindavík og þrjár í Hafnarfirði auk eins staðar sem áður var skráður í Hafnarfirði (Krýsuvíkurlandi Hafnarfjarðar).

Níu staðanna geymdu tvær eða fleiri fornleifar. Á sumum staðanna geymast hugsanlega fleiri fornleifar, t. d. í kring um fornleifar nr. 13 – 17 í Grindavík. Við aðrar aðstæður, svo sem fyrr á árinu, meiri birtu, úr lofti o.s.frv. gætu þessar rústir komið í ljós.

Á þremur stöðum eru fleiri en 65 fornleifar sem aðeins eru skráðar að litlu leyti. Þessir staðir eru Herdísarvík (nr. 27:1 - n), Húshólmi (nr. 4:1 - n) og garðar í landi Strandar og Vogsósa (nr. 23:1).

Í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu vegaframkvæmda Suðurstrandarvegar eru 16 staðir með 16 fornleifum eða minjum, þar af eru tvær sem ekki teljast til fornleifa (Grindavík nr. 19 og 21). Staðirnir sem eru í mikilli hættu eru því í raun 14 með 14 fornleifum (merktir með rauðu á loftmyndum).

Í lítilli hættu vegna vegagerðar eru 10 staðir með fleiri en 40 fornleifum, þar af eru fleiri en 30 þeirra á einum stað í landi Herdísarvíkur (Ölfus nr. 27:1). Að auki er einn staður í lítilli hættu vegna námu. (Staðirnir eru merktir með bláu á loftmyndum). Fornleifar nr. 27:1 eru aðeins að litlum hluta í hættu, þ.e.a.s. nyrstu minjarnar.



Mynd 3. Fornleið (nr. 18:1), Skógfellavegur, og varða norður af Grindavík. Í bakgrunni má sjá Þorbjarnarfell. Horft til N. Ljós. BFE.

Einn staður (Grindavík nr. 30) er ekki metinn þar sem fornleifarnar eru annaðhvort horfnar eða komnar undir vegfyllingu (ljósblár á loftmynd).

Aðrir staðir eru ekki í neinni hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda þó sumir þeirra geti verið í hættu vegna annara þátta svo sem landeyðingar eða umferðar (Merktir með grænu á loftmyndum. Sjá töflu 1 og fornleifaskrá).

Af þessum 56 stöðum teljast sex hafa hátt minjagildi, 26 talsvert, 22 lítið og tveir ekkert.

Tveir staðanna, nr. 27:1-n í Ölfusi (Herdísarvík) og nr. 4:1-n í Grindvík (Húshólmi), hafa í heild sinni hátt minjagildi þó einstakar rústir hafi minna minjagildi. Gildi staðanna felst í heildinni, umhverfinu og aldrinum.

Af stöðunum sem taldir eru hafa hátt minjagildi eru aðeins tveir í mikilli hættu vegna hins fyrirhugaða Suðurstrandarvegar. Af stöðum sem taldir eru hafa talsvert minjagildi eru 5 staðir í mikilli hættu vegna framkvæmdanna og sjö staðir með lítið minjagildi eru í mikilli hættu vegna þeirra. Allir þessir staðir eru merktir með rauðu á loftmyndum. Að auki eru tveir staðir í mikilli hættu sem hafa ekkert minjagildi þ.e.





Mynd 4. Fjárskjól sunnan við Lat í landi Ísólfskála (Grindavík nr. 35). Skjólíð er ca. 50 m frá gulri línu hins fyrirhugaða Suðurstrandarvegar. Horft til V. Ljós. BFE.

Grindavík nr. 19, Bjössahellir og nr. 21, gata.

26 staðir eru taldir vera í ágætu ástandi. Í sæmilegu ástandi eru 17 staðir og í lélegu ástandi eru 12. Einn er ekki greindur vegna þess að hann er horfinn.

Allir staðirnir geyma fornleifar sem aldursgreindar eru á bilinu 1550 - 1900, nema fjórir. Einn geymir ungar minjar yngri en 1900 og þrjár staðir minjar eldri en 1550. Þeir eru: Fornigarður (Ölfus nr. 22, sjá mynd 2), eyðibýli í Húshólma (Grindavík nr. 4:1-n) og rústir sem kallast Ræningjadys, Dysin eða Húsið (Grindavík nr. 13, sjá mynd 1).

Ekki þykir ástæða til að friðlýsa fleiri fornleifar á hinu kannaða svæði að svo stöddu. Þykir frekar ástæða til að endurskoða nokkrar friðlýsingarnar og tilgreina nákvæmlega hvaða rústir séu friðlýstar og hverjar ekki í stað þess að friðlýsa heilar jarðir án frekari skýringa og án nokkurs yfirlits yfir hvað til sé á viðkomandi jörðum.

### ***Gul lína og mótvægisáðgerðir***

Línan er aðeins á stuttum kafla á hinum fyrirhugaða Suðurstrandarvegi eða frá Litlahrauni SSV af Stóru Eldborg og að Ísólfskála. Á þessari leið eru fimm staðir sem veglínan gæti raskað. Þrjár þeirra eru í mikill hættu og verður ekki komist hjá að raska ef

vegurinn verður lagður. Allt eru það gamlar fornleiðir. Sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska leiðunum og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Einn staður sem virðist vera horfinn er hugsanlega í línuleiðinni. Þegar framkvæmdir hefjast þar þarf að hafa þar framkvæmdaeftirlit á meðan jarðvinna fer fram. Þessi staður er fjárskjól við Ísólfskála (Grindavík nr. 30). Hann er einnig við rauða línu.

Tvær fornleifar eru í lítilli hættu. Þær eru:

Grindavík nr. 8, varða. Tryggja þarf öryggi vörðunar.

Grindavík nr. 35, fjárskjól. Fjárskjól þetta er ekki mjög greinilegt og því þarf að merkja það sérstaklega á vettvangi svo tryggja megi öryggi þess (sjá mynd 4). Sé það ekki hægt þarf að rannsaka hana með fornleifarannsókn.

Tveir staðanna við gulu línuna hafa talsvert minjagildi, aðrir lítið.

Gul lína er góður kostur með þeim fyrirvörum sem tilgreindir eru hér að ofan.

Nr. Teg. Fj.	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Friðlýst	Mótvægisáðgerð
<b>Hafnarfjörður</b>						
221:1	Fornleið	1 Mikil	Léleg	1550-1900	Talsvert	Nei Leyfi
<b>Grindavík</b>						
7:1	Fornleið	1 Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei Leyfi
8:1	Varða	1 Lítil	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei Tryggja öryggi
30:1	Fjárskjól	1 -	Horfin	1550-1900	Lítið	Nei Framkvæmdaeftirlit
34:1	Fornleið	1 Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei Leyfi
35:1	Fjárskjól	1 Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei Tryggja öryggi

Tafla 2. Fornleifar í lítilli eða mikilli hættu við gula línu.

### ***Rauð lína og mótvægisáðgerðir***

Línan nær alla leið frá Þorlákshöfn að Grindavík. Hún kemur því við sögu nær allra fornleifa á leiðinni sem eru í einhverri hættu.

Á allri leiðinni eru 24 staðir sem eru í lítilli eða mikilli hættu vegna Suðurstrandarvegar eða námum tengdum honum, 15 í mikilli og átta í lítilli hættu. Einn staður er ekki metinn.

Þær fornleifar sem eru í mikilli hættu og þyrfti að kanna með fornleifarannsókn eru:

Ölfus nr. 22, Fornigarður. Fornagarðs er getið í rekaskrá Strandarkirkju um 1275 þó hann hafi ekki borið þetta nafn þá (sjá mynd 2 og 6). Hvenær það nafn festist á garðinn er ekki vitað en það er ekki nefnt í sýslu- og sóknarlýsingu frá 1840.

Ölfus nr. 36, Stóruvarða. Varða þessi er sjómerki eða sundavarða eins og það heitir á Reykjanesi. Rannsaka þyrfti aldur vörðunnar með

því að taka hana ofan og freysta þess að finna gjósku, viðarkol eða lífrænar leifar á botni hennar til aldursgreiningar.

Ölfus nr. 37, rúst (gerði?). Rústin eða gerðið er mjög orpin sandi og ekki hægt að segja með vissu hvort um eiginlega rúst (hús) eða gerði sé að ræða. Taka þyrfti sandinn ofan af henni og teikna nákvæmlega. Einnig þyrfti að ganga úr skugga um að ekki leynist eldri rústir undir. Sé aðeins um gerði að ræða (eða stekki?) þarf engar frekari rannsóknir.

Nr.	Teg.	Fj.	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Friðlýst	Mótvægisgerð
<b>Ölfus</b>								
22:1	Garður	>5	Mikil	Ágætt	-1550	Hátt	Já	Rannsókn
24:1	Fornleið	1	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Já	Leyfi
26:1	Fornleið	1	Mikil	Ágætt	1550-1900	Hátt	Já	Leyfi
27:1	Garðar og gerði	>30	Lítill	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Já	Tryggja öryggi
35:1	Varða	1	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Já	Leyfi
36:1	Sjómerki	1	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Rannsókn
37:1	Rúst (gerði?)	1	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Rannsókn
38:1	Varða	1	Lítill	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Tryggja öryggi
39:1	Varða	1	Lítill	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Tryggja öryggi
40:1	Staður tengdur þjóðtrú	1	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Lítillsháttar rannsókn
<b>Hafnarfjörður</b>								
221:1	Fornleið	1	Mikil	Léleg	1550-1900	Talsvert	Nei	Leyfi
283:1	Rúst (beitarhús?)	1	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Tryggja öryggi
<b>Grindavík</b>								
2:1	Fornleið	1	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Leyfi
7:1	Fornleið	1	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Leyfi
10:1	Garður	1	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Rannsókn
14:1	Varða	1	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Leyfi
15:1	Rústir	2	Lítill	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Tryggja öryggi
18:1	Fornleið	1	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talvert	Nei	Leyfi
19:1	Hellir	1	Mikil	Ágætt	-	Ekkert	Nei	Lítillsháttar rannsókn
30:1	Fjárskjól	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið	Nei	Framkvæmdaefirlit
31:1	Fjárskjól	1	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Tryggja öryggi
32:1	Fornleið	1	Lítill	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Tryggja öryggi
33:1	Skotbyrgi?	1	Lítill	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Tryggja öryggi

Tafla 3. Fornleifar í lítilli eða mikilli hættu við rauða línu.

Grindavík nr. 19, Gaujahellir. Staðurinn er varla mannvirki og ekki talinn hafa nokkuð minjagildi. Þó er ekki hægt að útiloka þann möguleika að þarna leynist einhver mannvirki. Því þarf að ganga úr skugga um að í hellinum séu engin slík, svo sem hleðslur, bálkar eða mannvistarlag.

Eftirtaldir staðir við rauða línu eru í lítilli hættu, en sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf sérstakar mótvægisgerðir.

Hafnarfjörður nr. 283, rúst (beitarhús?). Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana (sjá mynd 5).



Mynd 5. Rúst (beitarhús?) á Krýsuvíkurheiði (Hafnarfjörður nr. 283). Rústin er nálægt rauðri línu. Horft til N. Ljós. BFE.

Grindavík, nr. 15, 31 og 33, rústir, fjárskjól og skotbyrgi. Sama gildir um þessar fornleifar og nr. 283 í Hafnarfirði, þ.e.a.s. að tryggja öryggi þeirra.

Um fornleiðir gildir það sama og áður hefur verið sagt.

Ef aðeins er skoðuð sú leið sem rauð lína fer samhliða gulri línu eru sex staðir sem sá kafli gæti raskað. Tveir þeirra eru í mikilli hættu og báðir þeirra eru fornleiðir. Sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska leiðunum og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Fjórir staðir eru í lítilli hættu en sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf að rannsaka þá með leyfi Fornleifaverndar og þeim skilmálum sem embættið setur.

Þrjú staðanna við rauðu línuna hafa talsvert minjagildi, aðrir lítið.

Rauð lína er góður kostur með þeim fyrirvörum sem tilgreindir eru hér að ofan.

### ***Núverandi vegur og mótvægisaðgerðir***

Verði núverandi vegur fyrir valinu munu margar fornleifar verða í uppnámi. Í Fornleifaskrá og töflum 1 - 3 er hætta og hættumat ekki miðað við að núverandi vegur verði fyrir valinu og í kaflanum

„Skráningin“, er ekki reiknað með veginum. Í töflu 4 er hins vegar tekið mið af því að núverandi vegur verði fyrir valinu.

Skammt vestur af Litlalandi, suður af sumarbústað sem þar er, má sjá gamla götu sem liggur vestur í átt að Hlíðarenda. Trúlega kemur sama gata í ljós skammt vestur af nýjum beitarhúsum austur undir Selvogsheiðinni. Þessi gata ur ýmist norðan eða sunnan við núverandi veg. Verði núverandi vegur endurbættur þyrfti að mæla þessa leið inn, en hún virðist liggja að Hlíðarvatni.

Nr.	Teg.	Fj.	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Friðlýst	Mótvægisáðgerð
<b>Ölfus</b>								
26:1	Fornleið	1	Mikil	Ágætt	1550-1900	Hátt	Já	Leyfi
27:1-n	Eyðibýli	>50	Mikil	Ágætt	-1550	Hátt	Já	Rannsóknir (snið)
28:1	Rúst	1	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Já	Teikning
40:1	Staðurtengdur þjóðtrú	1	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Lítilsháttar rannsókn
<b>Hafnarfjörður</b>								
3:1	Fjárborg	1	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Tryggja öryggi
278:1	Fornleið	1	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Leyfi
<b>Grindavík</b>								
2:1	Fornleið	1	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Leyfi
7:1	Fornleið	1	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið	Nei	Leyfi
8:1	Varða	1	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Tryggja öryggi
9:1	Garður	1	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Rannsókn (snið)
13:1	Rúst	1	Mikil	Lélegt	-1550	Hátt	Já	Leyfi
14:1	Varða	1	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Leyfi
15:1	Rústir	2	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Rannsókn
16:1	Rúst	1	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Rannsókn
17:1	Rúst?	1	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Tryggja öryggi
30:1	Fjárskjól	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið	Nei	Framkvæmdaefirlit
34:1	Fornleið	1	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Leyfi

Tafla 4. Fornleifar í lítilli eða mikilli hættu við núverandi veg. Bent skal á fjölda óskráðra fornleifa sem ekki eru taldar með í þessari töflu (sjá texta og loftmyndir). Fornleifar nr. 3 og 278 í Hafnarfirði voru skráðar í tengslum við skipulagsvinnu í Krýsuvík (þær eru ekki í meðfylgjandi fornleifaskrá).

Vegurinn liggur yfir og mjög nálægt fornleifum við A- og NA-enda Hlíðarvatns. Á því svæði segja munnmæli að landnámsbýli sé. Fleiri fornleifar eru í nágrenni vegarins í kringum Hlíðarvatn (sjá loftmynd) og ef vegurinn verður fyrir valinu þarf að fullskrá þessar minjar og sennilega fara út í talsverðar fornleifarannsóknir áður en að vegurinn yrði lagður þarna um.

Vegurinn liggur á eða við túngarð Herdísarvíkur (nr. 27:3) og vesturenda Langagarðs (nr. 27:2). Auk þess fer hann í gegnum svæði með fjölda rústa í landi Herdísarvíkur (nr. 27:1). Allar fornleifar í landi Herdísarvíkur voru friðlýstar árið 1927 og því er 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum einstakra fornleifa. Færa þyrfti núverandi

veg til norðurs í samráði við Fornleifavernd ríkisins og lagfæra túngarðinn.

Núverandi vegur liggur í gegnum Krýsuvíkurtorfuna. Þar eru rústir hjáleigunnar Norðurkots friðlýstar, auk kirkjunnar sem þar er. Þessar rústir eru ekki í hættu, en mikill fjöldi annarra rústa er þar svo sem túngarðar, rétt og rúst eru í hættu ef þessi leið verður valin.

Frá Krýsuvíkurtorfunni liggur vegurinn með, og stundum yfir, hina gömlu þjóðleið frá Krýsuvík að Grindavík (Hafnarfjörður nr. 278). Einhverjar vörður munu spillast verði þessi leið fyrir valinu og gamla þjóðleiðin sömuleiðis á köflum. Undir Fiskidalsfjalli og Húsafelli eru margar fornleifar (nr. 13 - 17) í uppnámi verði núverandi vegur endurgerður. Þessar fornleifar gætu verið leifar af verslunarstað frá 15. öld. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þessara fornleifa þarf að fara út í talsverðar fornleifarannsóknir á þessum stað og ekki ólíklegt að fleiri fornleifar gætu leynst þar (sé um verslunarstað að ræða hljóta fleiri fornleifar (búðir) að vara á staðnum.

Kaflinn frá Hrauni við Grindavík og vestur úr var ekki kannaður, en þar er mikill fjöldi óskráðra fornleifa í næsta nágrenni vegarins.

Vegurinn er slæmur kostur (sá versti!) vegna margra fornleifa sem hann gæti raskað auk þess sem hann myndi spilla heildarmynd Krýsuvíkurtorfunnar til muna (sjá nánar töflu 4 og loftmyndir).

### ***Áhrif vegagerðar á fornleifar og mótvægisáðgerðir***

Verði af vegalagningu Suðurstrandarvegar eru 14 staðir með 14 fornleifum í mikilli hættu (þá eru áhrif núverandi vegar ekki talin með).

Sumar fornleifanna verða ekki rannsakaðar með eiginlegri fornleifarannsókn svo sem fornleiðir og sumar vörður. Aðrir staðir uppfylla ekki skilyrði laganna til að teljast til fornleifa og verða því varla rannsakaðir, nema að þeir hvíli ofan á eldri minjum. Engir slíkir staðir fundust við þessa rannsókn.

Sumar fornleifanna eru þess eðlis að vegaf framkvæmdir eru ekki ásættanlegar nema að undangenginni fornleifarannsókn, minniháttar eða umfangsmeiri (sjá umfjöllun hér að framan og fornleifaskrá).

Í 14. grein þjóðminjalaga segir: „*Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir*

*og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum framkvæmdum.*“ (Þjóðminjalög 2001).

Skv. 12 gr. Þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er ðlum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu. Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

### ***Niðurstaða***

Alls fundust 34 staðir með fleiri en 90 fornleifum á eða við veglínur hins fyrirhugaða Suðurstrandarvegar (staðir við núverandi veg ekki allir taldar með).

Hvort sem gul eða rauð leið verði fyrir valinu er mótvægisáðgerða þörf, allt frá einfaldri athugun að ýtarlegum fornleifauppgrefti, oftast þó minniháttar athugunum. Í einu tilfelli er mælt með framkvæmdaefirliti fornleifafræðings. Í nokkrum tilfellum er mælt með því að merkja staðina sérstaklega til að tryggja öryggi þeirra.

Verði veglínur breytt þarf að kanna þá kafla frekar sem breytast. Báðar línurnar koma til greina.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur of nálægt fornleifum og haga ber akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

## Viðbót: Heimreið að Vogsósum


Þann 8. apríl síðastliðinn voru hugmyndir að heimreið frá fyrirhuguðum Suðurstrandarvegi kannaðar á vettvangi. Var ca. 200 - 300 m breiður rimi skoðaður með tilliti til fornleifa svo hægt væri að leggja heimreiðina án þess að raska fornleifum. Lá riminn á milli stöðva 39 900 og 43 300 í átt að Vogsósum. Mjókkaði hann eftir því sem nær dró bænum.

Prestavegur (einnig kallaður Kirkjuvegur) liggur frá Strandarkirkju að Vogsósum (Ölfus nr. 24:1). Var veginum fylgt frá Stöð 40 060 í átt að bænum. Hann er mjög greinilegur allt þar til hann kemur að SV horni túns Vogsósa. Þá verður hann slitróttur og máður af seinni tíma umferð. Þó má sjá leifar af honum rétt vestan við túngirðingu alla leið að núverandi heimreið Vogsósa I (sjá mynd 6).

Í miðju túni Vogsósa II fannst gerði (kálgarður?). Aðrar öruggar fornleifar fundust ekki, en þó voru fjórar vísbendingar um að rústir gætu leynst undir grassverðinum í túninu (merktar með x á mynd 6). Einnig er steinn nokkur í túninu, skammt VNV af gerðinu (merkur með O á mynd 6) sem tengist andláti prests sem bjó á Vogsósum. Sá var séra Eggert Sigfússon í Vogsósum (fæddur 22. júní 1840, látinn 12. október 1908). Mun prestur hafa verið að koma úr messu í Krýsuvík þegar hann veiktist á leiðinni heim og dó þarna við steininn.

Mælt er með því að leggja heimreiðina vestan við Prestavegin.





Mynd 6. Hið kannaða svæði við Vogsósa (innan rauðra strika). X sýna hugsanlegar fornleifar undir grassverði og o sýnir staðsetningu steins.

**Heimildir**

- Bjarni F. Einarsson. *Krisuvík. Fornleifar og umhverfi*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1998.
- Sami. Frumathugun á fornleifum við fyrirhugaðan Suðurstrandarveg. Fornleifafræðistofan. Handrit. Reykjavík 1999.
- Sami. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn að Grindavík. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2000.
- Bjarni Harðarson. *Landið, fólkið og þjóðtrúin*. Garðabæ 2001.
- Brynjúlfur Jónsson. „R annsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1903*. Reykjavík 1903:48-50.
- Sami. *Tillag til alþýðlegra fornfræða*. Guðni Jónsson gaf út. Reykjavík 1953.
- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Frásögur um fornaldarleifar 1817–1823*. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík 1983.
- Grindavík aðalskipulag 2000 - 2020*. Greinargerð 30.05.2002.
- Gönguleiðir og áhugaverðir staðir*. Markaðs og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar. Kort.
- Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson. „Krisuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og miðaldarlagsins.“ *Jökull, No. 38, 1988*.
- Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II*. Svæðisskráning í Ölfus- og Selvogshreppi. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 1999.
- Íslendingabók – Landnámabók*. Íslensk fornrit. I. bindi. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1968.
- Íslenskt fornbréfasafn*. II. bindi. Kaupmannahöfn 1893.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Árnessýsla. Annað bindi. Kaupmannahöfn 1918-1921.
- Sama. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1923-24.
- Kristján Eldjárn. „Kapelluhraun og Kapellulág.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1955-56*. Reykjavík 1957:16-34.
- Ólafur H. Torfason. *Nokkrir Íslandskrossar*. Reykjavík 2000.
- Ólafur Þorvaldsson. „Herdísarvík í Árnessýslu.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1943-48*. Reykjavík 1949.
- Sveinbjörn Rafnsson. „Um aldur Ögmundarhrauns.“ *Eldur er í Norðri*. Reykjavík 1982.
- Sýslu- og sóknarlýsingar. Árnessýsla*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979:28.
- Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.
- „Þjóðsagnakenndur hellir fer forgörðum.??*DV*, mánudaginn 3. mars 2003.
- Örnefnaskrá. Ísólfsskáli. Ari Gíslason skráði. Handrit. Örnefnastofnun.
- Örnefnaskrá. Hraun. Ari Gíslason skráði. Handrit. Örnefnastofnun.
- Örnefnaskrá. Herdísarvík. Gísli Sigurðsson skráði. Handrit. Örnefnastofnun.
- Örnefnaskrá. Vogsósar. Örnefnastofnun.
- Örnefnaskrá. Þorkelsgerði. Handrit. Örnefnastofnun.

**Fylgirit:** Loftmynd í mælikvarðanum 1:12 500 með staðsetningu fornleifa (í aðalmatsskýrslu).

## Fornleifaskrá

1. Grindavík
2. Hafnarfjörður
3. Ölfus

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

16

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Ölfus

Tákntala

8717

Landareign

Nes

Nr.

-

Heiti

Selvogsgata

Undirnr.

1

Staðfræðikort

-

GPS Staðsetning

N 63°49.49 W 021°37.15

M.y. sjó

-

Skekka

&lt;10

## Tegund minia

Vörður/fornleið

Fjöldi

3

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

-

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

8.9.00

Frðlýsa?

Nei

Frðlýst?

Nei

Hvenær

-

## Lega og staðhættir

Í blásinni heiði á milli Þorlákshafnar og Selvogs. Vörðurnar eru á lágum hraunhólum, skammt austur af Strákahæðum. Þær standa sín hvoru megin við gömlu götuna og varða hana. Ca. 50 m N af nyrðri vörðunni er hæll merktur 45 700.

## Heimildir og munnmæli

Sýslu- og sóknarlýsingar. Árnessýsla. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979:28.

## Lýsing

### Vörður/fornleið.

#### 1) Varða.

Úr hraungrjóti, 1 x 1 m stór við botninn sem er ferhyrndur, 1,3 m há. Varðan stendur á mosavaxinni hraunhellu. Hún er dálítið löskuð.

24 m SV af vörðu 1 er varða 2:

#### 2) Varða.

Úr hraungrjóti, 1 x 1 m stór við botninn sem er ferhyrndur, 1,3 m há. Varðan er dálítið löskuð.

#### 3) Fornleið.

Á milli varðanna liggur gamla fornleiðin á milli Þorlákshafnar og Selvogs. Sjálf gatan sést mjög ógreinilega á þessum kafla. Hana má þó rekja skammt frá Þorlákshöfn og að Nesi. Ekki sést þó sjálf gatan alltaf, en hún er vel vörðuð alla leið. Yfirleitt liggur gatan mun fjær hinum fyrirhugaða vegi á kaflanum Þorlákshöfn - Selvogur.

## Teikning



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

Efri myndin sýnir nyrðri vörðuna (1) og sú neðri sýnir syðri vörðuna (2). Ca. 100 m VSV af vörðunum er annað vörðupar. Það var ekki skráð en er í skarðinu sem sést á efri myndinni rétt vinstra megin við miðju.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

17

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Ölfus

Táknatala

8717

Landareign

Þorkelsgerði

Nr.

-

Heiti

Ormsstekkur

Undirnr.

1

Staðfræðikort

-

GPS Staðsetning

N 63°50.04 W 021°40.47

M.y. sjó

-

Skekja

&lt;10

## Tegund minia

Stekkur(?) og varða

Fjöldi

2

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Lélegt

Aldur

1550-1900

Í eyði

-

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

11.9.00

Friðlysa?

-

Friðlýst?

Já

Hvenær

1927

## Legg og staðhættir

Efst á grasi grónum hól í heiði. Ca. 40 - 50 m frá fyrirhugaðri veglínu og ca. 50 m vestur af hæl 42 800.

## Heimildir og munnmæli

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990:78. Örnefnaskrá. Þorkelsgerði. Örnefnastofnun.

## Lýsing

### Stekkur(?) og varða.

#### 1) Stekkur?

Ekki sést móta fyrir lögun stekksins, en grjóthleðslur má sjá frá háhólnum til suðurs. Endar hleðslan í vörðu.

#### 2) Varða.

Úr grjóti, 0,6 - 0,9 m stór við botninn. 0,4 m há. Varðan er hrunin.

Teikning



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

Skv. Örnefnaskrá var Brynkustekkur vestar og ofar í heiðinni. (Gæti verið nr. 19). Bent skal á að 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis fylgir friðlýstum fornleifum.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

18

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Ölfus

Táknatala

8717

Landareign

Þorkelsgerði

Nr.

-

Heiti

-

Undirnr.

1

Staðfræðikort

-

GPS Staðsetning

N 63°50.05 W 021°40.41

M.y. sjó

-

Skekkja

&lt;10

## Tegund minia

Vörður

Fjöldi

2

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Lélegt

Aldur

1550-1900

Í eyði

-

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

11.9.00

Friðlýsa?

-

Friðlýst?

Já

Hvenær

1927

## Legg og staðhættir

Á lágum blásnum hraunhól. Ca. 25 m NA af hæl 42 700.

## Heimildir og munnmæli

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990:78.

## Lýsing

### Vörður.

#### 1) Varða.

Úr grjóti, ca. 2 m í þvermál við botninn, og 0,4 m há. Varðan er hrunin og mosa- og grasi vaxin. 2 m norðnorðvestur er varða 2:

#### 2) Varða.

Úr grjóti. Varðan er illa farin og nær alveg hrunin. Hún er á 1,5 - 2,5 m stóru svæði.

## Teikning



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

Bent skal á að 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis fylgir friðlýstum fornleifum.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

19

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Ölfus

Táknatala

8717

Landareign

Þorkelsgerði

Nr.

-

Heiti

Brynkustekkur?

Undirnr.

1

Staðfræðikort

-

GPS Staðsetning

N 63°50.07 W 021°40.47

M.y. sjó

-

Skekka

&lt;10

## Tegund minia

Rúst (stekkur?)

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Lélegt

Aldur

1550-1900

Í eyði

-

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

11.9.00

Friðlýsa?

-

Friðlýst?

Já

Hvenær

1927

## Lega og staðhættir

Sunnan í hraunhrygg, grónum grasi og melgresi á kafla. Ca. 15 m austan við Útvogsvörðu (nr. 20).

## Heimildir og munnmæli

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990:78. Örnefnaskrá. Þorkelsgerði. Örnefnastofnun.


## Lýsing

Rúst (stekkur?).

Hringlaga, 6 m í þvermál. Veggir úr grjóti, 0,4 - 1 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir.

Í suðurhluta er hólf (kró), jafnvel tvö. Dyr snúa huganlega mót austri. Rústin er illa farin og hrunin.

## Teikning



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

Græni grasbalinn á ljósmyndinni er innanverð rústin. Í baksýn sést Útvogsvarðan. Bent skal á að 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis fylgir friðlýstum fornleifum.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

20

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Ölfus

Táknatala

8717

Landareign

Þorkelsgerði

Nr.

-

Heiti

Útvogsvarða

Undirnr.

1

Staðfræðikort

-

GPS Staðsetning

N 63°50.07 W 021°40.48

M.y. sjó

-

Skekkja

&lt;10

## Tegund minia

Sjómerki

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

-

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Já

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

11.9.00

Friðlýsa?

-

Friðlýst?

Já

Hvenær

1927

## Lega og staðhættir

Á grasi grónum hól í heiði. Ca. 50 m NA af hæl 42 600.

## Heimildir og munnmæli

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990:78.

## Lýsing

### Sjómerki.

Úr grjóti, 2,5 x 4 m stórt og ca. 1,7 m há. Varðan er vel hlaðin og heil. Efsti hlutinn virðist þó síður hlaðinn og þar upp úr stendur þríhyrnt spjald.

## Teikning



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

Bent skal á að 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis fylgir friðlýstum fornleifum.



# Fornleifaskrá

Aðalnr.

21

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Ölfus

Táknatala

8717

Landareign

Þorkelsgerði

Nr.

-

Heiti

-

Undirnr.

1

Staðfræðikort

-

GPS Staðsetning

N 63°50.08 W 021°40.55

M.y. sjó

-

Skekkja

&lt;10

## Tegund minia

Varða/rúst?

Fjöldi

2

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Sæmilegt

Aldur

1550-1900

Í eyði

-

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

11.9.00

Friðlýsa?

-

Friðlýst?

Já

Hvenær

1927

## Lega og staðhættir

Á hraunhól, báðum megin við girðingu. Ca. 30 m NNA af hæl 42 500.

## Heimildir og munnmæli


Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990:78.

## Lýsing

Varða/rúst?

Varðan er úr grjóti, rúmlega 1 m í þvermál og 1 m há. Hún virðist illa hlaðin. Austan við vörðuna er rúst? ca. 3 m í þvermál úr grjóti. Hugsanlega er um leifar af landamerki, að ræða, eða sjómerki.

## Teikning



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

Bent skal á að 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis fyrirlgir friðlýstum fornleifum.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

22

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Ölfus

Táknatala

8717

Landareign

Strönd/Vogsósar

Nr.

Heiti

Fornigarður

Undirnr.

1

Staðfræðikort

-

GPS Staðsetning

N 63°50.29 W 021°41.57

M.y. sjó

-

Skekkja

&lt;10

## Tegund minia

Garðar

Fjöldi

1

Hættumat

Vegagerð

Hætta

Mikil

Ástand

Ágætt

Aldur

-1550

Í eyði

-

Minjagildi

Hátt

Merkja?

Já

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

11.9.00

Fríðlýsa?

-

Fríðlýst?

Já

Hvenær

1927

## Lega og staðhættir

Í blásnu holti á milli Strandarkirkju og Vogsósa eða frá Hlíðarvatni við Vogsósa í áttina að Strandarkirkju.

## Heimildir og munnmæli

Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1903. Reykjavík 1903:51.

*Fornleifaskrá*. Skrá um fríðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990:78.

*Íslenskt fornbréfasafn*. II bindi 1253-1350. Kaupm.h. 1893:124.

*Sýslu- og sóknarlýsingar. Árnessýsla*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979:226f.

## Lýsing

### Garður.

Úr grjóti (NNA - SSV), 0,3 - 0,5 m breiður og 0,2 - 0,4 m hár. Garðurinn er nær allur á kafi í sandi. Ca. 50 m suður af þeim stað sem miðlína hins fyrirhugaða vegar sker garðinn, gengur annar garður út úr Fornagarði. (nr. 23).

Garðurinn var aðallega skoðaður þar sem hann er í hættu vegna vegagerðarinnar. Hann virðist þó nær samfelldur, nema við sinn hvoran endann þar sem hann hefur máðst svolítið.

13/6 2001.

Við vettvangsathugun þann 12/6 voru enn fleiri garðar skoðaðir á svæðinu og þeir teiknaðir inn á loftmynd hjá Vegagerðinni (fornleifar nr. 23). Garðarnir virðast fyrst og fremst liggja við S-hluta þess svæðis sem fornigarður afmarkar en þó norður af Víghól. Allir eru þeir mjög svipaðir og sumir mjög orpnir sandi.

Breidd þeirra er meiri en gefin er upp í lýsingu hér að ofan, eða 3 - 4 m (sandur) og hæðin getur verið rúmum einn metri.

## Teikning



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

Garðurinn verður í hættu ef vegur verður lagður þar sem hann er fyrirhugaður. Hann þarf þá að rannsaka með leyfi og skilmálum Fornleifaverndar ríkisins. Bent skal á að 20 m fríðhelgt svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis fylgir fríðlýstum fornleifum.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

23

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Ölfus

Táknatala

8717

Landareign

Strönd/Vogsósar

Nr.

-

Heiti

-

Undirnr.

1

Staðfræðikort

-
